



Vinnubúðir í ísetningu ytri hjarta- og lungnavélar.



Þröng var á þingi í Kaldalóni.



Helen Higham hlaut Laerdal-verðlaunin fyrir framlag sitt til kennslu og sjúklingaöryggis.

Þing norrænna svæfinga- og gjörgæslulækna í Hörpu

■ ■ ■ Martin Ingi Sigurðsson

gjörgæslulækninga og tengdra undirsérgreina. Þar var meðal annars fjallað um siðferðileg álitamál í gjörgæslumeðferð, flókna vöktun taugasjúklinga á gjörgæslu, notkun hjarta- og lungnavélar í bráðum veikindum (ECMO), áskoranir í fæðingar-svæfingum, meðferð sjúklinga með langvinna verki, sjúkraflutninga á norðurslóðum og svæfingar sjúklinga með meðfædda hjartagalla.

Vinnustofurnar voru 13 talsins. Auk þess var haldið herminámskeið um bráðar upptökur á skurðstofu daginn fyrir þingið. Á vinnustofunum fengu þátttakendur meðal annars þjálfun í notkun ytri gangráða, öndunarvérameðferð, ómstyrðum deyfingum, ómskoðunum, ísetningu ytri hjarta- og lungnavélar og loftvega-meðferð barna og fullorðinna.

Um 120 vísindaágríp voru kynnt á þinginu og kepptu höfundar sex bestu ágrípanna um vegleg peningaverðlaun. Salla Kattainen frá Finnlandi vann keppnina með erindi um útkomur finnskra gjörgæslusjúklinga í Covid-faraldrinum.

Tveir heiðursfyrirlestrar voru haldnir á þinginu. Helen Higham flutti Ásmund Laerdal-fyrirlesturinn um hlutverk svæfingalækna í að efla sjúklingaöryggi. Hún er heimsþekktur leiðtogi á sviði hermíþjálfunar og sjúklingaöryggis. Doris Østergaard flutti ACTA-fyrirlesturinn um framtíð hermíþjálfunar í svæfinga- og gjörgæslulækningum, en nýleg yfirlýsing Evrópusamtaka svæfinga- og gjörgæslulækna um hlutverk hermíþjálfunar í sérnámi svæfinga- og gjörgæslulækna ber nafn hennar.


Þá veitti Minningarsjóður Gunnars Mýrdal styrk til Ingu Láru Ingvarsdóttur sérfræðilæknis til uppbyggingar hermíþjálfunar í ísetningu ytri hjarta- og lungnavélar.

Aðild að SSAI veitir íslenskum svæfinga- og gjörgæslulæknum aðgang að öflugu alþjóðlegu samstarfsneti sem styrkir sérgreinina hér á landi. Þing af þessu tagi er mikilvæg lyftistöng fyrir Svæfinga- og gjörgæslulæknafélag Íslands og styrkir tengsl þess við norrænu systursamtökin.

Þing norrænna svæfinga- og gjörgæslulækna (Scandinavian Society of Anaesthesiology and Intensive Care Medicine, SSAI) fór fram í Hörpu dagana 10.–12. júní. Þingið er haldið annað hvert ár og ferðast milli Norðurlandanna, þannig að það er haldið á Íslandi á tíu ára fresti.

Þátttakendur voru rúmlega 920 frá 50 löndum. Ríflega helmingur þeirra kom frá Norðurlöndunum en athygli vakti einnig að um 80 þátttakendur komu frá Ástralíu og Nýja-Sjálendi.

Á dagskrá voru alls 42 málstofur sem spönnuðu fjölbreytt svið svæfinga- og



Sumarið 2026

Skrifstofa Læknafélags Íslands verður lokuð dagana 11. júlí til 3. ágúst vegna sumarleyfa.

Norræna lungnalækningaþingið 2026 í Reykjavík

■ ■ ■ Sif Hansdóttir og Sólrún Björk Rúnarsdóttir

Dagana 3.-5. júní 2026 var Norræna lungnalækningaþingið haldið í Hörpu í Reykjavík. Þingið tókst afar vel og sóttu það um 560 þátttakendur frá 23 löndum. Á þinginu kom saman þverfaglegur hópur sérfræðinga á sviði lungnalækninga, lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara, lyfjafræðinga og öflugir vísindamenn. Þingið var skipulagt af Félagi íslenskra lungnalækna, Fagdeild lungnahjúkrunar og lungnasjúkraþjálfara og bauð upp á fjölbreytta og metnaðarfulla dagskrá.

Á þinginu voru málþing og vinnustofur þar sem fjallað var um fjölmörg málefni tengd lungnasjúkdómum, má þar nefna astma, langvinna lungnatoppu, lungnatrefjun, lungnakrabbamein, lungnaháþrýsting, svefn- og öndunarsvandamál, lungnasýkingar, lungnaskipti, endurhæfingu og inngríp til greiningar og meðferðar. Þá voru sérstakar dagskrárlínur tileinkaðar lungnahjúkrun og lungnasjúkraþjálfun, sem undirstrikar mikilvægi þverfaglegrar samvinnu í meðferð og endurhæfingu einstaklinga með lungnasjúkdóma og öndunarbílun.

Á þinginu voru einnig kynnt fjölmörg vísindaágreip og rannsóknarverkefni frá Norðurlöndum og víðar. Ágripafundir og veggspjaldakynningar gáfu rannsakendum, sérnámslæknum og ungu vísindafólki tækifæri til að kynna niðurstöður sínar og efla alþjóðlegt samstarf.

Mikil umræða fór fram um ávinning og vandamál tengd skimun fyrir lungnakrabbameini. Í Bandaríkjunum og Bretlandi er skimun hafin. Ekkert Norðurlandanna hefur tekið upp skimun á landsvísu en skimunarverkefni eru í gangi.

Forvarnir gegn notkun nikótíns og notkun rafretta og nikótínþúða voru áberandi í vísindadagskránni. Það er verulegt áhyggjuefni að notkun nikótíns hjá börnum og ungmennum er meiri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Nikótín er eitt af mest ávanabindandi efnum sem til eru og hefur áhrif á þróun heilastarfsemi ásamt skaðlegum áhrifum á lungu og æðakerfi.


Norræna lungnalækningaþingið 2026 markaði mikilvægan áfanga fyrir lungnalækningar á Íslandi og styrkir tengsl okkar við fagfólk á Norðurlöndum og víðar. Sterk tengsl og samvinna eru ein af ástæðum þess að við getum veitt einstaklingum með lungnavanda þjónustu og sérhæfða meðferð á heimsmaelikvarða. Þingið staðfesti enn fremur mikilvægi þverfaglegrar nálgunar, nýsköpunar og rannsókna til að bæta greiningu, meðferð og lífsgæði einstaklinga með lungnasjúkdóma.



Guðrún Nína Óskarsdóttir formaður NLC 2026 á setningaráhráti þingsins.



Opnunarteiti NLC 2026.




Nordic welfare. Notkun á nikótínvörum um munn á Norðurlöndunum.



Þegar hornsteininn landspítalans var lagður 15. júní 1926
"Óskar & Álfur"

Alexandrina drottning sem lagði hornsteininn. Á hann er ritað: „Hús þetta – LANDSSPÍTALINN – var reistur fyrir fje, sem íslenskar konur höfðu safnað og Alþingi veitt á fjárlögum til þess að: LÍKNA OG LÆKNA.“



Teikning Guðjóns Samúelssonar af Landspítalahúsinu.

Hornsteinn að Landspítala lagður fyrir 100 árum

■■■ Helga Ágústa Sigurjónsdóttir

Í kjölfar stjórnarskrárbreytingar 19. júní 1915, sem staðfesti kosningarétt og kjörgengi kvenna til Alþingis, komu hópar kvenna að stofnun fjáröflunarsjóðs til styrktar stofnun almenns spítala fyrir landið allt. Þannig vildu þær þakka fyrir fengin réttindi, beita sínum áhrifum og vekja áhuga stjórnvalda, löggjafans og landsmanna á stofnun spítalans.¹

Þann 15. júní 1926 var síðan lagður hornsteinn að byggingu Landspítala í heimsókn Kristjáns X og Alexandrínu

drottningar hans. Alexandrina drottning lagði hornsteininn. Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, teiknaði spítalann.²

Sama ár var St. Jósefsspítali vígður, þann 5. september 1926, og stóðu St. Jósefssystur kaþólska safnaðarins að baki þeirri byggingu. Spítalinn starfaði allt til ársins 2011, í 85 ár með ýmsum breytingum en þar er nú starfrækt svonefnt Lífsgæðasetur þar sem hafa aðsetur fjölmörg heilsutengd fyrirtæki og félagasamtök.^{3,4}

Heimildir

1. Þórdís Sigurðardóttir. Landspítalinn, óskabarn íslenskra kvenna. 19. júní – tímarit Kvenréttindafélags Íslands.2014; 63:78-82.
2. Sira Þorvarður Guðjónsson og Anna Stefánsdóttir á Stað í Súgandafirði. Óðinn-7.-12. tölublað 1926:61.
3. Ásgeir Guðmundsson. Saga Hafnarfjarðar 1908-1983. Skuggsjá, Reykjavík 1984.
4. Fréttir. Læknablaðið. 1926:8-9;136.



Nýdóttorar

Læknablaðið óskar eftir upplýsingum um doktorsvarnir íslenskra lækna



Æðsta menntunarstig háskóla er doktorspróf – það er því verulega við hæfi að Læknablaðið fjalli um doktorsvarnir íslenskra lækna héraðs sem erlendis eins og það hefur gert í áráraðir.

Læknablaðið biður þá sem eru að ljúka doktorsnámi og lækna sem vita um doktorsvarnir sem eru fyrirhugaðar eða er nýlukið að senda blaðinu upplýsingar um viðkomandi lækna og doktorsvarnir á ritstjorn@lis.is, gjarnan með tölvupóstfangi viðkomandi aðila.